

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Dalvíkurbyggð, 10. september 2021
nr. erindis 202109021 GPJ

Umsögn

Á 995. fundi Byggðaráðs Dalvíkurbyggðar þann 9. september sl. var tekið fyrir neðangreint mál og var sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs falið að senda inn umsögn byggðaráðs í samræmi við umræður á fundinum.

Drög að breytingum á leiðbeiningum um ritun fundargerða nr. 22/2013 og notkun fjarfundarbúnaðar nr. 1140/2013

a) Drög að breytingum á leiðbeiningum um ritun fundargerða nr. 22/2013.

2. gr.

Varðandi þá skyldu að nota og færa í gerðabók þá er það mat Dalvíkurbyggðar að fella ætti þá skyldu niður. Dalvíkurbyggð sér ekki þörf á notkun gerðabóka samhliða ritun fundargerða með rafrænum hætti.

6. gr.

Skilgreining á embættismanni. Það er skilningur Dalvíkurbyggðar að embættismaður er sá sem er skipaður í embætti í ákveðinn tíma. Dalvíkurbyggð notar starfsmaður.

7. gr.

„Skrá skal hvaða gögn eru lögð fram á fundinum“. Er hér átt við að skrá á í fundargerð öll gögn sem fylgdu fundarboði sem og þá ítarefni sem lagt er fram á fundi? Hérna mætti tilgreina nánar hvað átt er við.

Varðandi ósk um bókun frá sveitarstjórnarmanni, sem og ef hann leggur fram tillögu eða tekur til máls, þá skráist það ekki í skjalakerfi undir hið tiltekna mál ef málið er til kynningar í fundargerð sem lögð er fyrir sveitarstjórn í heild sinni.

9. gr.

„Skulu blaðsíður fundargerðarinnar tölusettar í áframhaldandi tölur“. Vangaveltur Dalvíkurbyggðar eru um tilganginn með þessu ákvæði. Einnig hvenær á að byrja á bls. 1 (til dæmis frá upphafi kjörtímabils) og hvenær á að enda.

„Við endurrit fundargerða er mælt með að setja skammstöfunina sign. eða m.e.h. aftan við nafn viðkomandi.“ Hvað þetta ákvæði varðar þá bendir Dalvíkurbyggð á að skoða þarf hvort að rafrænt fundargerðarkerfi gefi færi á að setja inn þessa skammstöfun.

Dalvíkurbyggð veltir upp þeim möguleika hvort ætti að útvíkka heimild til undirritunar rafrænt, til dæmis ef ekki tekst að ljúka við yfirferð fundargerðar áður en fundi lýkur.

11. gr.

Á hvaða formi á trúnaðarmálabók að vera samkvæmt þessari grein? Á til dæmis að skrá í rafræna trúnaðarmálabók? Hérna mætti tilgreina fyrirkomulag nánar.

b) Drög að breytingum á leiðbeiningar um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórnar.

2. gr.

Ákvæði um „þegar nefndarmaður tekur þátt á fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í viðkomandi sveitarfélagi eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess“ finnst Dalvíkurbyggð of þröngt. Er ekki möguleiki að nefndarmaður gæti verið staddur í raun hvar sem er og í hvaða tilgangi sem er á meðan tryggt er að nefndamaðurinn geti tekið þátt í fundinum með fullnægjandi hætti? Að þess sé gætt að óviðkomandi geti ekki fylgst með eða heyrt umræður um mál sem rædd eru á lokuðum fundi og að þátttakan sé ótruflað og næði?

Að lokum er því hér velt upp hvernig samstarfsverkefni sveitarfélaga og sameiginlegar nefndir og ráð falla undir heimildir til fjarfunda, til dæmis í þeim tilgangi að leysa af hólmi ferðalög og ófærð á milli staða með því að nota fjarfundi.

Virðingarfyllst,
f.h. Byggðaráðs Dalvíkurbyggðar

Guðrún Pálína Jóhannsdóttir
Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

